

þjónusturýni

Efni: Gæðamál

Ábyrgð: 100

Útgáfudagur: 9/16/2015

Verklagsregla: Tilgangur og gildissvið

VR tekur til rýni á skipulagi og veitingu læknisþjónustu sjúklinga sjúkrahússins. Rýnin tekur til allrar þjónustu sem sjúkrahúsið veitir sjúklingum.

Ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á skipun nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á starfsemi nefndarinnar.

Framkvæmd

1. Forstjóri skipar 3 manna rýnihóp sem samanstendur af heilbrigðismenntuðum fulltrúum tilnefndum af hjúkrunarráði, læknaráði og bæjarstjórn Akureyrar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
2. Rýnihópurinn rýnir skipulag og veitingu læknisþjónustu sjúklinga sjúkrahússins með úrtakskönnun a.m.k. árlega.
3. Allir meðlimir hópsins skulu bundnir þagnarskyldu. Þurfi hópurinn að ganga að sjúkraskrám einstakra sjúkinga skal sótt um leyfi til sjúkrarskrárhaldara. Einnig skal skrá sérstaklega í sjúkrarskrá einstaklings ástæðu uppflettingar. Ekki er leyfilegt að safna gögnum úr sjúkraskrá. Niðurstöður hópsins mega ekki vera persónurekjanlegar.
4. Rýnin skal taka til eftirfarandi þáttar:
 - a. læknisfræðilegrar nauðsynjar innlagnar og dvalartíma
 - b. hvort þjónustan sé veitt á viðeigandi stað, þjónustustigi (heilsugæslustöð, sjúkrahús, innlögn, göngudeild o.s.frv.) og á viðeigandi tíma
 - c. læknisfræðilegrar nauðsynjar á veittri þjónustu
 - d. hvað veitt þjónusta gerir til að bæta heilsu, lífsgæði og sjálfstæði íbúa þjónustusvæðisins.
5. Meðlimur rýnhópsins skal vera fjárhagslega óháður sjúkrahúsínu (annað en launamaður) og ekki taka þátt í rýni ef hann er meðferðaraðili eða þátttakandi í meðferð sjúklings sem velst í rýni.
6. Rýnin getur tekið til allra sjúklinga sem njóta þjónustu sjúkrahússins. Meta skal læknisfræðilega nauðsyn á:
 - a. innlögn ef við á
 - b. dvalartíma
 - c. veittri þjónustu, þar með talin lyfjagjöf
 - d. rannsóknum
 - e. að meðferðaráætlun endurspegli gagnreynda heilbrigðismeðferð
7. Rýnihópurinn skal halda skrá um starfsemi sína, halda fundargerðir og skila gæðaráði skýrslu um niðurstöður úttekta.
8. Rýnihópurinn setur sér starfsreglur sem lagðar skulu fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar.